

Mánudaginn 8. maí 1950.

Nr. 140/1948. **Ólafur P. Ólafsson** (Egill Sigurgeirsson)
 gegn

Arnóri Steinassyni (Sigurður Ólason).

Ágreiningur um eignarrétt að búfé. Innsetningar synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur kveðið upp hinn áfrýjanda úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur úrskurðinum til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1948, krefst þess, að honum verði fengin með innsetningargerð umráð átta tilgreindra sauðkinda, sem stefndi keypti af Páli Vídalín Magnússyni í desember 1947. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjanda úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 30. janúar 1947 seldi áfrýjandi Páli nokkrum Vídalín Magnússyni á leigu jörðina Belgsholt í Melasveit í Borgarfjarðarsýslu ásamt áhöfn, þar á meðal 16 hrossum, um 20 nautgripum, 37 ám og 1500 hænsnum. Leigutímabilið var frá 1. febrúar 1947 til fardaga 1948. Í leigumálanum er m. a. kveðið svo á, að leigutaki ábyrgist áhöfn alla „og skuldbindur sig til að skila samsvarandi áhöfn að tölu, magni eða gæðum“.

Páll Vídalín Magnússon aflaði lítills hefyfengs sumarið 1947, einungis 200 hesta af töðu að sjálfs sín sögn. Þá var og fóðurbætisöflun hans ekki nægileg. Sá hann því þegar á öndverðum vetri 1947—1948 fram á fóðurþröng í búinu, enda töldu forðagæzlumenn nauðsynlegt að afla fóðurbirgða eða farga af áhöfninni. Varð það þá ráð hans, að hann seldi stefnda í máli þessu í desember 1947 18 ær, 3 lömb og 1 hrút af leiguáhöfninni. Söluverðið var kr. 100.00 fyrir hverja sauðkind, og galt stefndi andvirðið með fóðurkorni að mestu, einkum maísmjöli og hænsnakorni.

Þegar leigutaki skyldi afhenda áfrýjanda jörð og áhöfn í fardögum 1948, gat hann ekki látið af hendi sauðkindur í stað

þeirra, sem hann hafði selt stefnda. Sneri áfrýjandi sér þá til fógeta hinn 21. júní 1948 og krafðist þess, að honum væru með innsetningargerð afhentar sauðkindur þær, er stefndi keypti. Fógeti synjaði framkvæmdar á innsetningargerðinni með úrskurði, uppkveðnum 24. sept. 1948. Fyrir Hæstarétti gerði áfrýjandi upphaflega sömu kröfu og í héraði, en þar sem nú hefur verið leitt í ljós með gagnasöfnun, er fram hefur farið samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 5. október 1949, að einungis 8 þeirra sauðkinda, sem hér er um að tefla, eru nú lífs, þá hefur áfrýjandi látið kröfu sína fyrir Hæstarétti einungis taka til þeirra.

Samkvæmt ádurgreindum leigumála átti leigutakinn Páll Vídalín við samningslok að skila „samsvarandi áhöfn“ og hann tók við, að tölu, magni eða gæðum. Af þessu ákvæði leigumálans leiðir eðli máls samkvæmt, að leigutaka var heimilt að farga einstökum skepnum úr áhöfninni gegn því að fylla í skarðið, áður en hann gerði áfrýjanda skil. Það er ljóst, að Páll kom fram sem umráðamaður áhafnarinnar, og virðist það hafa verið ætlun margra manna þar í sveit, að hann væri eigandi hennar. Sala hans á nefndum sauðkindum til stefnda virðist ekki hafa verið óeðlileg ráðstöfun til að létta á fóðrum og afstýra fódurskortí. Þessi atriði og annað, sem fram er komið í málinu, veitti stefnda ástæðu til að ætla, að Páll Vídalín væri í fullum rétti sínum, er hann seldi honum sauðkindurnar, og hafa engar líkur verið fram færðar gegn grandleysi stefnda. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að taka kröfu áfrýjanda um innsetningu í umráð sauðkindanna til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1600.00.

Málflytjendur í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennirnir Egill Sigurgeirsson og Sigurður Ólason, köstuðu mjög höndum til gagnasöfnunar í máli þessu, er það var flutt fyrra sinni í Hæstarétti. Verður að víta þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur P. Ólafsson, greiði stefnda, Arnóri

Steinasyni, kr. 1600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. september 1948.

Gerðarbeiðandi, Ólafur P. Ólafsson, veitingamaður í Reykjavík, gerði hinn 30. jan. 1947 leigusamning við Pál V. Magnússon og leigði honum til fardaga 1948 jörðina Belgsholt með áhöfn allri þar á meðal ca 37 ám.

Við úttekt á jörðinni Belgsholti úr höndum Páls, er fram fór 5. júní 1948, skilaði hann jörðinni og áhöfn, en þó eigi neinni kind, og lýsti yfir því, að hann hefði selt gerðarþola, Arnóri Steinasyni bónda á Narfastöðum, 18 ær, 1 hrút og 1 lamb.

Hinn 21. júní s. l. sendi gerðarbeiðandi beiðni til fúgetaréttarins um, að þessar 20 kindur með lömbum væru með beinni fúgetagerð teknar úr vörzlu gerðarþola og afhentar sér.

Kröfu sína um að fá kindurnar afhentar byggir gerðarbeiðandi á því, að þær hafi ætíð verið sín eign og aðeins leigðar Páli Magnússyni um nokkurn tíma. Þá fullyrðir hann, að gerðarþola hafi verið fullkunnugt um, að Páll var eigi eigandi kindanna, er hann keypti þær af honum.

Hann telur það reglu íslenzks réttar, að maður, er lánar öðrum manni hlut, er hann selur þriðja manni, geti endurheimt hlutinn, og það allt að einu, þótt þriðji maður hafi keypt hann í góðri trú. Bendir hann til stuðnings máli sínu á 59. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 og ýmis ákvæði Jónsbókar í kaupabálki og þjófabálki.

Gerðarþoli viðurkennir, að hann hafi í desember 1947 keypt af Páli V. Magnússyni, bónda í Belgsholti, 23 kindur. Kveðst hann hafa greitt 100 kr. fyrir hverja kind og greitt andvirðið í fúðurbæti, því að Páll var í fúðurþröng. Af kindum þessum kveður hann nú í sínum vörzlum 17—19 ær með lömbum flestar, en hinum hafi verið fargað vegna mæðiveiki.

Hann kveðst hafa keypt kindurnar samkvæmt beiðni Páls, en á almannavitorði var, meðal annars vegna afskipta hreppsnefndar og sýslumanns, að Páll var í vandræðum með að afla fúðurs handa búpening sínum, og hafi sig því eigi undrað, þótt Páll byði sér kaupin. Þá fullyrðir hann, að sér hafi eigi, er hann keypti kindurnar, verið annað kunnugt en að Páll væri eigandi þeirra. Segir hann, að það hafi þá verið altalað, að gerðarbeiðandi hafi selt Páli jörðina Belgsholt með búí, og muni gerðarbeiðandi sjálfur hafa haft orð á því, að um sölu hafi verið að ræða.

Kveðst hann krefjast þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar.

Að réttarins álitum verður að fallast á það, að regla sú, er gerðarbeiðandi hefur lýst um endurheimt hlutar, er lánaður hefur verið og lántakandi síðar hefur selt þriðja manni, gildi hér á landi, er um er að ræða hlut, er lánaður hefur verið og skila á aftur sama hlutnum. Hins vegar verður eigi talið, að regla þessi gildi, er um er að ræða lán hlutar og skila þer aðeins hlut sömu tegundar. Er á engan hátt eðlilegt, að lánveitanda sé veitt jafnmikil réttarvernd, er hann lánar hlut og leyfir lántaka að ráð-

stafa honum eftir vild, aðeins ef hann skili aftur hlut sömu tegundar, og þegar hann lánar hlut og áskilur sér, að sama hlutnum sé skilað aftur.

Af útdrætti þeim af leigusamningi milli gerðarbeiðanda og Páls V. Magnússonar, er lagður hefur verið fram á rskj. 6, kemur glögggt í ljós, að búpeningurinn er leigður þannig, að um tegundarskil er að ræða, enda mun algengast hér á landi, er um leigu á búfé er að ræða, að slíkur skil séu áskilin. Stendur í 4. gr. samningsins, að leigutaki skuldbindi sig til „að skila samsvarandi áhöfn, að tölu, magni eða gæðum“, og má jafnvel skilja það á þann veg, að honum sé heimilt að skila minna af einni tegund búpenings, en skila þá tilsvarendi meira af annarri tegund.

Samkvæmt framansögðu ber að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir fúgetaréttinum falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram.

Mánudaginn 8. maí 1950.

Nr. 47/1949. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Theodór B. Lindal)

gegn

Guðjóni Péturssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmdar hæfilegar bætur eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.